



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 8. janúar 2021

USK2016060080

5.2

Innkaupa-og framkvæmdaráð

***Verkefnisstjóri Vogabyggðar - Ráðgjöf - Útboð nr. 14701, des. 2019.***

Lagt er til við innkaupa og framkvæmdaráð að ráðgjafasamningur við Hnit verkfræðistofu hf. vegna „*Verkefnisstjóri Vogabyggðar - Ráðgjöf - Útboð nr. 1470*“ verði framlengdur til 31. desember 2021.

Um að ræða fyrri framlengingu en skv. 2. gr. samnings er heimild til framlengingar í eitt ár í senn tvisvar sinnum. Upphæð framlengingar nú til eins árs er kr. 8.680.000,- auk verðbóta.

Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

Samningur /Verkefnisstjóri Vogabyggðar ráðgjöf nr. 14707

Undirritaðir aðilar, annars vegar Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar kt. 570480-0149 sem verkkaupi og hins vegar Hnítt verkfræðistofa hf., kt. 510573-0729, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík sem ráðgjafi, gera með sér svo hljóðandi

**Verksamningur  
um  
Verkefnisstjóra Vogabyggðar - Ráðgjöf**

**1. gr.**

**Samningsverkið.**

Um er að ræða starf verkefnastjóra vegna enduruppbyggingar í nýrri Vogabyggð í Reykjavík nánar tiltekið Vogabyggð 1, 2 og 5. Verkefnastjóri Vogabyggðar mun heyra undir verkefnastjóra hjá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar (USK) sem stýrir verkefninu fyrir USK.

Sjá nánar gr. 0.1.3 LAUSLEGT YFIRLIT YFIR VERKIÐ, í útboðs- og verklýsingu.

Verk þetta skal vinna samkvæmt eftirtöldum gögnum:

1. *Útboðs- og verklýsingu nr. 14701 Verkefnisstjóri Vogabyggðar - Ráðgjöf*, dags. 1. desember 2019.
2. *Víðauka 1*, dags. 6. desember 2019.
3. *Víðauka 2*, dags. 11. desember 2019.
4. *Víðauka 3*, dags. 12. desember 2019.
5. *Tilboðsskrá ásamt undirrituðu tilboðsblaði bjóðanda*, dags. 19. desember 2019.
6. *Íslenskum staðli - ÍST-30 og ÍST 35*, gildandi útgáfur við opnun tilboða.
7. *Öðrum stöðlum og gögnum*, sem vísað er til í ofantöldum gögnum.

og eru nefnd gögn hluti af samningi þessum.

Auk þess skal ráðgjafi vinna eftir gögnum útgefnum á verk tíma í samræmi við útboðs- og verklýsingu og verða þau þá hluti af samningi þessum.

**2. gr.**

**Verktími og févítí**

Ráðgjafi skal ljúka öllu verki sínu á tilskildum tíma samkvæmt TILBOÐSBLAÐI og gr. 0.1.7 FRAMKVÆMDARTÍMI - VERKLOK í útboðs- og verklýsingu.

Tímarammi verkefnis er áætlaður frá 1. janúar 2020 til loka desember 2020. Verktími er því 12 mánuðir. Hægt verður að framlengja samninginn um eitt ár í senn tvisvar sinnum.

Verklok eru: **31. desember 2020.**

**3. gr.**

**Greiðslur og greiðslufyrirkomulag**

Fyrir framangreint verk ber verkkaupa að greiða ráðgjafa samkvæmt tilboði hans kr. 8.680.000, áttamilljónirsexhundruðogáttatíuþúsund með þeim breytingum sem leiða kunna af ákvæðum samningsgagna.

Ráðgjafi skal gera reikning fyrir verkið í samræmi gr. 0.5.1 GREIÐSLUR, MAGNTÖLUR OG REIKNINGSSKIL og gr. 0.5.2 VERÐLAGSGRUNÐVÖLLUR í útboðs og verklýsingu.

Reikninga skal stíla á:

- Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, kt. 570480-0149, b.t. Borgarbókhalds, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.

**5. gr.**


**Ýmis ákvæði**

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila. Fylgiskjöl með samningnum, sem eru hluti hans, eru talin upp í 1. gr. samnings þessa.

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


Reykjavík, 14 / 1 / 2020

Verkkaup:



F.h. Umhverfis- og skipulagssviðs  
Reykjavíkurborgar

Ráðgjafi:



F.h. Hnits verkfræðistofu hf.

Vitundarvottar:

